

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Málræktarsjóð,
nr. 297/1995, með síðari breytingu nr. 889/2011.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

7. gr. orðist svo:

Tekjur málræktarsjóðs eru sem hér segir:

- a) Ávöxtunartekjur stofnfjár.
- b) Fjárframlög og gjafir eftir 1992.
- c) Aðrar tekjur.

10. gr. orðist svo:

Höfuðstóll Málræktarsjóðs er stofnfé hans með síðari viðbótum, verðbættur í lok hvers reikningsárs. Þennan höfuðstól má ekki skerða. Til útgjalda samkvæmt 8. gr. skal einungis nota tekjur sjóðsins, samkvæmt 7. gr. hér á undan. Rétt er stjórn sjóðsins að setja sér reglur um úthlutun fjár til verkefna sjóðsins og um veitingu viðurkenninga, og séu þær reglur kynntar almenningi.

27. gr. orðist svo:

Sjóður þessi verður ekki lagður niður nema stjórnin sé einhuga um það og að fenginni umsögn mennta- og barnamálaráðherra. Verði engin önnur stofnun sett á fót með sama hlutverk eða svipað, skal mennta- og barnamálaráðuneytið taka við öllum eigum hennar til varðveislu. Þeim verður eingöngu ráðstafað til að styrkja verkefni á sviði íslenskrar tungu og málræktar.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Málræktarsjóð staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 31. janúar 2025,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.